

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1472/2004 frá 18. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1874/2003 um að samþykkja innanlandsáætlanir varðandi varnir gegn riðuveiki í tilteknum aðildarríkjum, um ákvörðun á frekari tryggingum og um að veita undanþágur varðandi áætlanir um kynbætur sem miða að því að mynda þol gegn smitandi heilahrörnun í sauðfé samkvæmt ákvörðun 2003/100/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/2004 frá 23. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ráðstafanir til að útrýma smitandi heilahrörnun í nautgripum, sauðfé og geitum, viðskipti með og innflutning á sæði og fósturvísu sauðfjár og geita og sérstakt áhættuefni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„- **32004 R 1492:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/2004 frá 23. ágúst 2004 (Stjtið. ESB L 274, 24.8.2004, bls. 3).“
2. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2003) í hluta 7.2:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 1472:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1472/2004 frá 18. ágúst 2004 (Stjtið. ESB L 271, 19.8.2004, bls. 26).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 271, 19.8.2004, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 274, 24.8.2004, bls. 3.

2. gr.

Norskur texti reglugerða (EB) nr. 1472/2004 og 1492/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.